



Jósep segir

Skyn- og hreyfileikir

Markmið

Að nemendur tengi orð við athafnir.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Engin.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Í þessum leik stjórnar Jósep.

Í upphafi er einn nemandi valinn til að vera Jósep. Sá nemandi gefur ýmsar skipanir sem allir verða að fara eftir. Ef samnemendur eiga að fara eftir því sem Jósep segir verður hann að segja: „Jósep segir ...“ framan við skipun sína. Ef hann gerir það ekki, heldur nefnir aðeins skipunina, þá eiga nemendur ekki að hlýða henni. Ef nemendur hins vegar gera það sem Jósep segir án þess að hann hefji setninguna á „Jósep segir“ þá eru þeir úr leik. Dæmi um fyrirmæli: „Jósep segir: „Allir eiga að standa á hægri fæti.““ (Allir þátttakendur framkvæma þetta og þeir sem standa í báðar fætur eru úr leik).

Aðrar útfærslur

Þessi leikur er afar hentugur til að kanna skilning nemenda á orðum sem unnið er með hverju sinni. Dæmi: Líkaminn, hreyfing, hugtök, o.s.frv.